



YFIRLÝSING FRÁ BARNAHEILLUM, GEÐVERNDARFÉLAGI ÍSLANDS, FJÖLSKYLDUFRAÐINGAFÉLAGI ÍSLANDS

um drög að nýju frumvarpi til laga um fæðingar- og foreldraorlof
frá félags- og barnamálaráðherra.

Barnaheill, Geðverndarfélag Íslands og Fjölskyldufræðingafélag Íslands – fagfólk í fjölskyldumeðferð leggja áherslu á meginhugmyndina um fæðingarorlof sem kemur fram í markmiðsgrein laganna, 2. greininni, að fæðingarorlof foreldra sé til að **tryggja barni** samvistir við foreldra. Barnið er m.ö.o. miðpunktur laganna og þarfir þess þar með í öndvegi. Við leggjum áherslu á að þarfir barnsins komi alltaf í fyrsta sæti og að þarfir foreldranna þurfi að laga að þörfum barnsins, en ekki öfugt.

Sú breyting sem er lögð til með þessu frumvarpi felst í því að tryggja foreldrum, ekki barninu, rétt til samvista, þrátt fyrir að markmiðsgrein laganna sem áður var vitnað til, orði það skýrt að markmiðið sé að tryggja barninu rétt til samvista. Sú regla að tryggja foreldrum sjálfstæðan rétt, 6 mánuði hvoru, og að hann sé ekki framseljanlegur, brýtur gegn bæði barninu og markmiðsgrein laganna, sbr. 1. mgr. 2. gr. Þetta er augljóst í tilfelli einstæðra foreldra, þar sem annað þeirra getur af einhverjum ástæðum ekki verið samvistum við barnið (ekki er vitað hver faðirinn er, foreldri er alvarlega veikt, er óhæft eða vill ekki umgangast barnið). Börn sem þannig stendur á um fá þá eftir þessa breytingu 6 + 1 mánuð, 7 mánuði samtals, meðan önnur börn fá 12 mánuði. Barn einstæðs foreldris í dæminu hér á undan ætti ekki að fá minni tíma með foreldri sínu. Frumvarpið gerir ráð fyrir styttingu á tímabilinu sem foreldrar geta tekið orlof, niður í 18 mánuði. Það skiptir hins vegar máli fyrir foreldra að hafa ákveðinn sveigjanleika í töku orlofsins þar sem aðstæður til að taka orlof geta verið mismunandi, sumir foreldrar þurfa að skipta orlofinu upp í 50% greiðslur til lengri tíma og því óæskilegt að stytta tímabilið.

Okkur er ljóst að meginhugmynd laganna, þrátt fyrir 1. mgr. 2. gr, með sjálfstæðum, óframseljanlegum rétti til foreldraorlofs er að stuðla að þátttöku beggja foreldra í umönnun barna sinna fyrstu mánuðina. Við teljum hins vegar að börn eigi ekki að gjalda þess að annað foreldrið nýti sér ekki þennan rétt heldur eigi orlofstíminn að vera merktur börnunum óháð því. Svo sannarlega er mikilvægt að auka jafnréttisvitund í samfélaginu og stuðla að því að foreldrar taki virkan þátt í uppeldi barna sinna og hafi vilja til að taka fæðingarorlof og telji það bæði eftirsóknarvert og hluta af sjálfsmynd sinni.

Fjölmargar rannsóknir styðja mikilvægi góðrar umönnunar foreldra við barn og heilbrigðrar tengslamyndunar milli barns og foreldris/foreldra fyrstu tvö árin (sjá t.d. https://marlin-prod.literatumonline.com/pb-assets/Lancet/stories/series/ecd/Lancet_ECD_Executive_Summary.pdf). Fyrstu tvö árin geta verið afgerandi um framtíð barnsins og ráðið úrslitum um hvort úr grasi vaxi heilbrigður og farsæll einstaklingur sem hefur notið nærandi samskipta við foreldra sína, eða barn sem þróast yfir í ungling og síðan fullorðna manneskju með margháttadan vanda sem rekja má til ýmiss konar áfalla fyrstu tvö æviárin, eða ónógs, nærandi tíma með foreldrum á þessu mikilvæga mótunarskeiði í lífi hvers barns. Þó fjárhagsleg rök eigi ekki að ráða öllu um velferð fjölskyldna þá hefur margoft verið bent á hve mikla fjármuni megji spara með snemmtækri íhlutun í málefni barna og -fjölskyldna, t.a.m. hefur London School of Economics komist að því að breska ríkið gæti þannig sparað 40 milljónir sterlingspunda á ári, sjá hér:

http://eprints.lse.ac.uk/59885/1/_lse.ac.uk_storage_LIBRARY_Secondary_libfile_shared_repository_Content_Bauer%2C%20M_Bauer_Costs_perinatal_%20mental_2014_Bauer_Costs_perinatal_mental_2014_author.pdf

Alþingi samþykkti breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof 17. desember sl. Í framhaldinu skipaði barnamálaráðherra samstarfshóp til að leggja til heildarendurskoðun laganna. Við teljum það ámælisvert að ráðherrann hafi skipað hópinn eingöngu af fulltrúum vinnumarkaðarins auk fulltrúa frá ráðuneytum og Vinnumálastofnun. Enginn með sérþekkingu á börnum og þörfum þeirra, s.s. frá Ljósmæðrafélagi Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Geðlæknafélaginu, Félagi íslenskra félagsráðgjafa, Sálfræðingafélagi Íslands, Kennarasambandinu, Félagi leikskólakennara eða frjálsum félagasamtökum sem vinna að málefnum barna var skipaður í hópinn. Með þeirri skipan má draga þá ályktun að ekki hafi staðið til að setja þarfir barna í forgrunn, heldur að líta á fæðingarorlof fyrst og fremst sem vinnumarkaðsúrræði til að ná fram öðrum markmiðum en velferð barna.

Að teknu tilliti til alls ofangreinds er það álit okkar að frumvarpi því, sem hér er til umfjöllunar, skuli breytt á þann veg að hvert barn fái 12 mánaða sjálfstæðan rétt til orlofs með foreldri sínu eða foreldrum. Við teljum einnig að tímabil orlofstöku eigi áfram að vera minnst 24 mánuðir.

Vinsamlega getið þessa í fjölmiðli ykkar.

Fyrir viðtöl má hafa samband við

Gunnlaugu Thorlacius, Geðverndarfélaginu, s. 659-2202

Ólöfu Birnu Björnsdóttur, Fjölskyldufræðingafélaginu, s. 696-8402

Þóru Jónsdóttur, Barnaheillum, s.698-1976